

Framlengdur kröfulýsingarfrestur á svæði 10B hjá óbyggðanefnd og gagnaöflun

Til : Óbyggðanefnd <postur@obyggdaneftnd.is>
Frá : Óbyggðanefnd <postur@obyggdaneftnd.is>
Heiti : Framlengdur kröfulýsingarfrestur á svæði 10B hjá óbyggðanefnd og gagnaöflun
Málsnúmer : 2020100034
Málsaðili : Óbyggðanefnd
Skráð dags : 13.01.2021 14:04:56
Höfundur : Óbyggðanefnd <postur@obyggdaneftnd.is>

Góðan dag

Þessi póstur er sendur þeim sem hafa verið í sambandi við skrifstofu óbyggðanefndar vegna kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 10B, þ.e. í Ísafjarðarsýslum, og/eða vegna kröfulýsinga gagnaðila á svæðinu.

Hér með upplýsist að kröfulýsingarfrestur gagnaðila á svæði 10B hefur verið framlengdur til 1. mars 2021.

Vegna fyrirspurna sem borist hafa um gagnaöflun skal tekið fram að uppskriftir á landamerkjabréfum og efni úr fasteigna- og jarðamötum eru væntanlegar til nefndarinnar frá Þjóðskjalasafni Íslands fljótlega, sennilega fyrir vikulok, og verða þá sendar þeim sem hafa óskað eftir gögnum.

Þar er um að ræða fyrsta hlutann af gagnaöflun óbyggðanefndar vegna svæðis 10B, nánar tiltekið efni úr skjalaflokkum A.1 og A.5.a-c samkvæmt svonefndu [frumgagnayfirliti sem er tiltækt á vefsíðu nefndarinnar](#) og geymir upplýsingar um rannsóknarskyldu óbyggðanefndar og kerfisbundna gagnaöflun hennar. Eftir að skipting í mál hefur verið ákveðin verður gengið formlega frá þessum gögnum sem máls skjölum og þá munu afrit frumskjala einnig fylgja þeim. Sama á við um önnur gögn sem nefndin á eftir að afla og þau verða að sjálfsögðu einnig gerð fulltrúum málsaðila aðgengileg eftir því sem gagnaöflun og málsmeðferð vindur fram.

Líkt og á fyrri svæðum fer megnið af gagnaöfluninni fram eftir lok kröfulýsingarfrests. Þegar formlegri gagnaöflun lýkur eða ljóst er hvenær það gerist verða frestir til að skila greinargerðum síðan ákveðnir í samráði við lögmenn og aðra fulltrúa málsaðila. Greinargerðum er því ekki skilað fyrr en að lokinni kerfisbundinni gagnaöflun og þar verður því hægt að koma að viðbótarröksemdum, umfjöllun um gögn o.fl.

Að auki er bent á að kröfulýsing íslenska ríkisins og kröfulínukort eru aðgengileg á [vefsíðu óbyggðanefndar](#). Þar er líka að finna skjalaskrá og tilvísanaskrá sem fylgdu kröfulýsingunni en gögnin sem þar er vísað til eru fáanleg hjá nefndinni.

Kveðja,

Erna Erlingsdóttir, skrifstofustjóri
Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík
Sími: 563 7000
[obyggdaneftnd.is](#) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)